

einnig að færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld, og færa í hana árs-
reikning hvern. Henni ber ennfremur að varðveita bækur sjóðsins, verðbréf og önn-
ur skilríki á öruggum stað. 52 20. júní

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og ber gjalddkera að gera reikning yfir
tekjur hans og gjöld árlega fyrir janúarmánaðarlok. Reikningur sjóðsins skal end-
urskoðaður af tveim mönnum, sem kosnir skulu árlega á viðkomandi safnaðarfundi.

10. gr.

Skipulagsskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

11. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

SAMÞYKKT

53

22. júní

um breyting á byggingarsamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað
frá 23. desember 1927.

Í stað „bæjarfógeti“ í 4. gr. samþykktarinnar og síðar í henni komi: bæjarstjóri.
Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefir samið og sam-
þykkt er hér með staðfest samkvæmt 15. gr. laga nr. 58 28. nóvember 1919, til að öðl-
ast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. júní 1938.

Skúli Guðmundsson.

Páll Pálmason.

SAMÞYKKT

54

28. júní

um sýsluvegasjóð í Árnessýslu.

1. gr.

Í Árnessýslu skal vera sýsluvegasjóður samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933.
Úr honum greiðist kostnaður við þær vegabætur, sem að lögum hvíla á sýslufélaginu.

2. gr.

Með sjóði þessum skal uppbyggja og viðhalda þeim sýsluvegum, sem nú eru, eða
síðar verða lagðir eftir þeim reglum, sem sýslunefnd ákveður á hverjum tíma. Sýslu-
vegir eru þeir, sem hér segir:

1. Selvogsvegur af Suðurlandsbraut, neðan Selvogsheiðar, að túnhliði á Bjarna-
stöðum.
2. Hraunsvegur af Þjóðveginum á Hjallamel að Hrauni.
3. Arnarbælisvegur af Þjóðveginum hjá Sandhól að Arnarbæli.
4. Hveragerðisvegur af Þjóðveginum við Ölfusréttir að Mjólkurbúi Ölfusinga.
5. Grafningsvegur frá Alviðru að Villingavatni.
6. Sólheimavegur frá Borg, um Eyvík, að Sólheimum.
7. Kiðjabergsvegur frá brúarstæði á Hvítá hjá Kiðjabergi á Grimsnesbraut nálægt
Svinavatni.